

101
23. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „allt að 1000 kr.“ í 1. málsg. 88. gr. komi: allt að 15000 kr.

2. gr.

Fyrir orðin „sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr.“ í 89. gr. komi: sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.

3. gr.

Fyrir orðin „sektum, ekki lægri en 500 kr.“ í 90. gr. komi: sektum, ekki lægri en 8000 kr.

4. gr.

Fyrir orðin „sektum allt að 500 kr.“ í 91. gr. komi: sektum allt að 5000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1953.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

102
23. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1953 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1953 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1953.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfastgjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.